

Ágæti fundarstjóri og aðrir fundargestir,

Í dag eru tímamót hjá mér, það var fyrir um 9 árum þegar haft var samband við mig og falast eftir því að ég tæki sæti í stjórn Stapa. Það kom verulega á mig, ég varð þínu skömmustuleg þar sem ég hafði nú aldrei talað sérstaklega vel um lífeyriskerfið og sá því flest allt ef ekki allt til foráttu.

Mér var gefinn umhugsunarfrestur sem betur fer því ég velti mikið fyrir mér hvort mér væri hreinlega stætt á því að taka sæti stjórn félags sem ég væri svona mikið á móti. En þá fór ég að hugsa að e.t.v. gæti ég þá haft áhrif til batnaðar úr því ég þættist hafa svona mikið vit á því hvað væri að og ég fengi áræðanlega ekki betra tækifæri til þess að kynnast kerfinu heldur en einmitt svona.

Ég get ekki sagt að ég geti hreykt mér af því að hafa umbylt kerfinu sem kannski betur fer því kerfið okkar er eitt það besta í heimi. Það var á árinu 2021 sem Landssamtök lífeyrissjóða stóðu fyrir þátttöku í Mercher vísitölunni sem er alþjóðleg lífeyrsvísitala sem gefin er út árlega og byggist á heildareinkunn út frá ýmsum þáttum lífeyriskerfisins. Þetta var í fyrsta skiptið sem Ísland tók þátt í mælingunni, en alls tóku 43 lönd í öllum heimsálfum þátt í samanburðinum.

Fast á eftir okkur komu lönd sem við höfum mikið horft til en það eru Holland og Danmörk. Í vísitölunni er litið til þriggja grunnþátta- nægjanleika kerfisins, sjálfbærni og trausts og hlaut Ísland hæstu einkunn í tveimur þeirra, þ.e. nægjanleika kerfis og sjálfbærni þess, en mældist 7. hæst þegar kom að trausti til kerfisins.

Í niðurstöðum eru eftirtalin 3 atriði talin getað hækkað lífeyrsvísitölu Íslands enn frekar og það er:

- Að lækka skuldir ríkisins sem hlutfall af vergri landsframleiðslu.
- Að lækka skuldir heimila sem hlutfall af vergri landsframleiðslu
- Að hækka lífeyrisaldur eftir því sem lífslíkur halda áfram að aukast

En það er einmitt vegna breytinga á lífslíkum að nú eru lagðar fyrir ársfund sjóðsins tillögur að umfangsmestu breytingum á samþykktum sjóðsins frá því að nýtt réttindakerfi var tekið í notkun árið 2016. Tillögurnar snúa að því að aðlaga samþykktirnar að því að spár um meðalævilengd sjóðfélaga eru nú mismunandi eftir fæðingarágöngum.

Þannig er nú gert ráð fyrir því að yngri sjóðfélagar lifi lengur að meðaltali heldur en þeir eldri í takt við þróun sem við höfum séð undanfarna áratugi.

Lengri meðalævi þýðir að miðað við óbreyttan eftirlaunaaldur þarf réttindasjóður sjóðfélaga að duga í fleiri ólifaða mánuði eftir að taka eftirlauna hefst. Það þýðir óhjákvæmilega að hver mánaðargreiðsla verður lægri en miðað við fyrri forsendur.

Áhrifin eru mismunandi eftir fæðingarárgöngum þar sem meðalævi lengist mismikið samkvæmt nýju spánni, en verði tillögurnar samþykktar lækka áætluð eftirlaun sjóðfélaga um 4-14%, mest hjá þeim yngstu.

Mikilvægt er að halda því til haga að réttindasjóður sjóðfélaga verður ekki skertur – hann verður áfram sama krónutalan. Hins vegar þarf að dreifa sjóðnum á fleiri ólifaða mánuði. Tillögurnar hafa hins vegar ekki áhrif á lífeyri þeirra sem þegar hafa verið úrskurðaðir á lífeyri.

Varðandi með að bæta kerfið að þá hefur oft heyrst að lífeyrissjóðirnir séu alltof margir, þeim verði að fækka og þetta sé allt of dýrt kerfi. Ég get ekki neitað því að ég hefði viljað sjá meiri sameiningar meðal sjóða, sérstaklega ASÍ/SA sjóðanna, þar tel ég vera tækifæri, en það er nú bara þannig að það er ekki á valdi stjórnar lífeyrissjóðs að taka slíkar ákvarðanir, þær verða að vera teknar í baklandinu. Baklandið er fyrst og fremst stéttarfélagin, þ.e. sjóðfélagarnir sjálfir, það eru þið.

En nú fyrir stuttu var skipuð nefnd af ráðherra til þess að vinna Grænbók um lífeyriskerfið, þau eiga að vera virkilega rösk, vænst er að þeirri vinnu verði lokið fyrir árslok en grænbókinni er ætlað að lýsa stöðu lífeyriskerfisins og er hugsuð sem grundvöllur fyrir umræðu, stefnumörkun og ákvarðanir um lífeyriskerfið og framtíðarþróun þess með heildstæðum hætti. Grænbók á að vera undirbúningur að breytingum þ.e. (hvítbók) á þeim lagaramma sem Alþingi setur um lífeyrismál og skyldutryggingu lífeyrisréttinda. Kallað er eftir samráðum þannig nú vil ég hvetja alla sem hafa skoðanir á kerfinu að koma þeim á framfæri við þessa nefnd.

Í því sambandi langar mig að benda á skerðingar í almannakerfinu og það að farið verði með eftirlaunagreiðslur sjóðfélaga líkt og laun launþega sem komnir eru á eftirlaunaaldur.

En víkjum þá að ávöxtuninni, árið 2021 var met, þá var raunávöxtun jákvæð 12,8%, síðasta ár var líka met, en þá var hún niður um 12,6%. Þessar miklu sveiflur í ávöxtun endurspeglar þær öfgar og áskoranir sem eignastýrendur glíma við þessi misserin. Mikill breytileiki ávöxtunar eins og borið hefur á síðustu ár fara illa saman við markmið langtímafjárfesta á borð við Stapa sem vilja byggja á fyrirsjáanleika og öryggi í ávöxtun eigna sinna.

Meðal þeirra ófyrirséðu atburða sem sjóðurinn þurfti að fást við á liðnu ári voru hugmyndir fjármálaráðherra um slit ÍL-sjóðs, með afturvirkri lagasetningu sem myndi framkalla gjaldfellingu svokallaðra Íbúðabréfa. Í kjölfar kynningarfundar ráðherra um málið lækkaði virði Íbúðabréfa í eignasafni Stapa um 14% eða sem nemur 1,4% af heildareignum. Komi til þess að Alþingi samþykki afturvirk lög líkt og fjármálaráðherra hefur boðað gerir sjóðurinn ráð fyrir að sækja bætur fyrir tjón sem slík lagasetning kann að valda.

Réttindakerfi Stapa hefur sýnt ágæti sitt bæði í gegnum þessar miklu sveiflur ávöxtunar og breytingum á lífslíkum þannig að við höfum ekki þurft að hreyfa með beinum hætti við réttindum sjóðfélaga. Þetta tel ég vera mikinn kost við okkar kerfi sem enginn annar lífeyrissjóður hefur tekið upp en þó nokkrir sýnt áhuga.

Mikil umræða hefur átt sér stað undanfarna mánuði um hlutverk lífeyrissjóða sem fjárfesta í innlendum hlutafélögum. Stapi hefur nú tekið upp virkari framkvæmd hluthafastefnu og beitir sér fyrir bættum stjórnarháttum skráðra innlendra hlutafélaga. Það gerir sjóðurinn með samskiptum við stjórn og stjórnendur félaga og beitingu atkvæðaréttar á hluthafafundum.

Auk þessa hefur sjóðurinn beitt sér fyrir góðum stjórnarháttum, sjóðurinn leggur sérstaka áherslu á grænar fjárfestingar. Í því augnamiði gerðist Stapi aðili að fjölþjóðlegu samstarfi á sviði fjárfestinga í þágu loftslagsmála. Markmið Stapa er að þessar grænu fjárfestingar verði orðnar allt að 7% af eignasafni sjóðsins árið 2030.

Undanfarin ár hefur Stapi stigið varfærin en markviss skref í átt að sjálfbærum og ábyrgum fjárfestingum. Áhersla hefur verið lögð á að setja raunhæf markmið, spara digurbarkalegar yfirlýsingar en standa sannarlega við það sem við setjum fram í stefnum okkar. Nýrrar stjórnar bíður það verkefni að taka áframhaldandi skref í þá átt að færa Stapa í fremstu röð meðal íslenskra lífeyrissjóða á sviði ábyrgra fjárfestinga.

Með breytingum á lögum sem tóku gildi um áramótin var lagastoð skotið undir hina svokölluðu tilgreindu séreign sem upphaflega varð til í almennum kjarasamningum árið 2016. Lagasetningin veitir sjóðfélögum frelsi til að ráðstafa hluta skylduiðgjalds í séreign og einnig til hvaða vörsluaðila það fer.

Aukið valfrelsi sjóðfélaga Stapa er út af fyrir sig ekki áhyggjuefni, því ber raunar að fagna enda er sjóðurinn vel samkeppnishæfur í sínum rekstri. Hins vegar vil ég hvetja sjóðfélaga alltaf til þess að huga vel að kostnaði hjá móttökusjóðum tilgreindrar séreignar og að þeir njóti sömu réttinda til uppsagnar, flutnings inneignar og skattfrjálsar ráðstöfunar inn á lán áður en ákvörðun um flutning er tekin.

Það er staðreynd að stór hluti iðgjalda í tilgreinda séreign er fluttur til annarra sjóðastýrenda. Augljós munur er á okkar þjónustuframboði og til dæmis erlendra vörsluaðila séreignarsparnaðar en þeir aðilar bjóða upp á séreignarsparnað í erlendri mynt, sem sjóðfélagar kunna að telja eftirsóknarvert. Til að mæta þeirri eftirspurn mun Stapi síðar á árinu bjóða upp á séreignarleið sem mun að öllu leyti fjárfesta í erlendri mynt. Með þessari ráðstöfun vonumst við til að svara betur óskum sjóðfélaga okkar um fjölbreyttar ávöxtunarleiðir í séreign.

Önnur framfara skref sem orðið hafa núna nýlega eru sem dæmi að nú megum við senda út rafræn sjóðfélagayfirlit, svolítið sérstakt í allri umfjölluninni síðustu ár um stafræna Ísland að þá eru þetta breytingar sem hafa tekið langan tíma og mikið þrek að fá í gegn.

Eins hafðist í gegn heimild til aukinna fjárfestinga erlendis, það verður bara að segjast að það getur verið vandasamt að finna álitlega fjárfestingakosti hérlandis innan þeirra takmarkana sem okkur eru settar. Erfiðlega gengur að fá í gegn lagabreytingar sem myndu einfalda okkur aðgengi að innviðafjárfestingum. Það er nú líka atriði sem vert væri að minnast vel á í grænbókinni og kæmi vonandi okkur á landsbyggðinni vel ef lífeyrissjóðunum yrði gert kleift að fjármagna vegafframkvæmdir eins og jarðgangnagerð svo eitthvað sé nefnt. En það er eins og annað, ekki á höndum stjórnar lífeyrissjóðs að gera það heldur ríkisvaldsins.

En ef við víkjum nú að starfsári Stapa að þá fundaði stjórnin 15 sinnum, þar af í tvígang á sérstökum vinnufundum vegna mótunar fjárfestingarstefnu annarsvegar og stefnumótun sjóðsins í heild hinsvegar.

Samstarf í stjórn hefur gengið einstaklega vel að mínu mati, ekki alltaf sammála en málin rökrædd í góðu, það hvort stjórnarmenn komi úr röðum launþega eða launagreiðanda hefur aldrei verið merkjanleg í minni stjórnartíð sem nú er á enda. Stjórnarmenn koma með fjölbreytta þekkingu og mismunandi bakgrunn að borðinu og sinna störfum sínum af heilindum og metnaði. Ég vil nota tækifærið og þakka þeim sérstaklega fyrir gott samstarf í gegnum árin og óska nýrri stjórn velfarnaðar sem brátt mun taka við.

Að lokum vil ég fyrir hönd stjórnar þakka sjóðfélögum og öðrum hagaðilum samstarfið á árinu sem og starfsfólki Stapa fyrir ánægjulegt og árangursríkt samstarf. Ég mun sakna samstarfsins við ykkur kærur félagar.

Og munum, við eigum heimsins besta lífeyriskerfi.